

## Ársfundur Kolviðar 2012

### Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.

Stjórn Kolviðar hefur sett sér starfsreglur og þar er kveðið á um að halda skuli ársfund fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Ekki eru ákvæði um þetta í stofnsamningi en við teljum þetta góða stjórnarhætti.

Kolviður er stofnaður 2006 af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd og með stuðningi ríkistjórnar Íslands.

Markmið sjóðsins er aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs CO<sub>2</sub> í andrúmslofti.

Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að:

- Gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus.
- Fjarmagna aðgerðir til bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt.
- Stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs.
- Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.
- Draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Hvernig hefur svo til tekist?

Gróðursettar hafa verið um 325 þús. plöntur þar af seldar um 280 þús. þannig að til er á lager um 45 þús. plöntur. Engin plöntun átti sér stað 2010 og 2011 en plantað var íbótum sl. sumar.

Við erum að sjálfsögðu ekki ánægð með framangreindan árangur og því fengum við til liðs við okkur Jóhann Gunnar Reynisson fyrir ári síðan til þess að vinna að markaðsmálum með okkur.

Var haft samband við orkufyrirtæki, flugfélög, skipafélög, fiskútflytjendur, verkfræðistofur, rútbílaútgerðir og bílaleigur.

Var þessum aðilum kynnt mikilvægi kolefnisjöfnunar og sýndu þeir ríkan skilning á því og voru sett upp samningsdrög til þess að hvetja til samninga.

Í ljós kom að **ímyndaráhrifin af kolefnisjöfnunarútgjöldunum** voru ekki nægjanleg, sem segir okkur að markaðslegur þrýstingur sem og pólitískur er ekki nægur til þess að drífa þetta áfram.

Þess ber þó að geta að Landsvirkjun hefur sett í áætlanir sínar fyrir árið 2013 útgjöld til kolefnisbindingar á hluta af þeirra flutningastarfsemi. Þetta er mjög mikilvægur stuðningur og hvatning fyrir fleiri af þeim fyrirtækjum sem færa samviskusamlega kolefnisbókhalð og eru umhverfisvottuð að kolefnisjafna starfsemina eða í það minnsta hluta hennar.

Við höfum einnig átt ágæta fundi með umhverfisráðuneytinu og umhverfisráðherra með ósk um að hið opinbera sem var með frá byrjun komi að þessu aftur og sýni gott fordæmi með því að kolefnisjafna þó ekki væri nema tiltekinn hluta af losun hins opinbera og sýna með því gott fordæmi og til að vera öðrum til hvatningar. Verið er að skoða málið í ráðuneytinu.

Vegna dræmra undirtekta hætti Jónann Gunnar störfum á miðju þessu ári.

Framtíðin er óljós samt trúum við því að kolefnisbinding í gróðri og jarðvegi eigi framtíð fyrir sér og til þess að lyfta dulunni og skyggast fram fyrir okkur höfum við fengið Huga Ólafsson skrifstofustjóra í

umhverfisráðuneytinu til þess að ræða þessi mál við okkur og vænti ég þess að það gefi okkur von um að það sé þess virði að halda þessu starfi áfram.

Draumur minn hefur verið að fyrirtæki og stofnanir hér heima og erlends kolefnisjöfnuðu losun sína gegnum Kolvið og með samstarfi við skógræktarfélagin takist að gróðursetja í sem mest af því landi sem skilgreint verður til þess í landnýtingaráætlunum sveitarfélaganna.

Fróðlegt væri að vinna slíka áætlun sem næði frá Hvítá í Borgarfirði til Hvítár í Árnesskýslu.

### Ársreikningur fyrir árið 2011, helstu tölur

Sala kolefnisbindingar hefur verið sáralítill s.l. ár

- 2010 var hún 1.767 þús. kr.
- 2011 var hún 2.287 þús. kr.
- 2012 það sem af er 2.361 þús. kr.

Efnahagur sjóðsins í árslok 2011 var þannig:

- Veltufjármunir 17.015 þús.
- Eigið fé 2.802 þús.
- Langtímaskuldb. 12.492 þús.
- Skammtímaskuldir 1.720 þús.
- Eigiðfé og skuldir samt. 17.15 þús

Um sjóðinn gildir líkt og með tryggingarfélag að okkur ber að annast þær plöntur sem við höfum selt og gerum við það með áburðargjöf og íplöntun fyrstu árin en síðan er almenn umsjón með ræktuninni í 90 ár. Tryggja þarf umráðarétt yfir landinu í þann tíma.

### Stjórn

Eigendur sjóðsins skipa stjórnarmenn til þriggja ára.

Þeir eru nú frá Skógræktarfélagi Íslands Magnús Gunnarsson form. félagsins og Einar Gunnarsson starfsmaður þess og frá Landvernd eru Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri félagsins og Hrefna Sigurjónsdóttir stjórnarmaður. Saman skipa þessir aðilar einn óháðann stjórnarmann og skipa ég það sæti nú. Fjórir af fimm stjórnarmönnum voru kjörnir á síðasta ársfundi og Einar Gunnarsson hefur setið í tvö ár, því er ekki skipað í stjórn að þessu sinni.

### Endurskoðendur

KPMG hafa verið endurskoðendur sjóðsins og hefur það samstarf gengið vel en það er mikilvægt að vel sé haldið utan um allar skuldbindingar sjóðsins og breytingar á þeim.

Ríkisendurskoðun fær reikninga sjóðsins og ber henni að fylgjast með starfsemi hans.

Eftirlit með ræktuninni hefur verið í höndum Einars Gunnarssonar og starfsmanna á Mógilsá.

Samþykkt hefur verið að þeir endurskoði reikninga félagsins fyrir árið 2012.

Reynir Kristinsson, stjórnarform. Kolviðar